

Reykjavík 23. febrúar 2006

Frá Félagi fagfólks í frítímaþjónustu

Steingerður Kristjánsdóttir

Laufengi 176

112 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1043
komudagur 24.2.2006

Þskj. 655 — 434. mál.

IV. KAFLI

Starfsskilyrði í æskulýðsstarfi.

10. gr.

Miða skal við að þeir sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins.

Í skipulögðu æskulýðsstarfi og í ferðum með börnum og ungmennum er forustufólki, leiðbeinendum, sjálfboðaliðum og öðru starfsfólki óheimilt að neyta áfengis og annarra vímuefna.

Óheimilt er að ráða til starfa samkvæmt lögum þessum, hvort sem er hjá ríki, sveitarfélagi eða öðrum aðilum, einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot eða vegna brota á ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni.

Standi ríki, sveitarfélag eða aðrir aðilar fyrir starfsemi sem fellur undir lög þessi skal þess gætt að hún uppfylli lög og reglur um aðgengi, aðstöðu, hollustu- og öryggisþætti.

Hvaða lög er átt við hér? Verður gerð krafa um að aðstaða fyrir t.d frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem eru t.d. innan veggja skóla fari eftir 20. gr. grunnskólalaganna eða verður stuðst við annan stuðul þegar kemur að fermetrafjölda á barn

V. KAFLI

Stuðningur sveitarfélaga við æskulýðsstarf.

11. gr.

Sveitarstjórnir setja sér reglur um á hvern hátt stuðningi við frjálst æskulýðsstarf er háttað. Sveitarfélög hafa starfandi æskulýðsnefndir eða sambærilegar nefndir samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Okkur finnst mikilvægt að sett verði í lög að sveitarfélög tryggi börnum og ungmennum aðgang að félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum. Af rúmlega 30 ára starfi félagsmiðstöðva á Íslandi þá hefur það sýnt sig að meginhluti starfseminnar sem þar fer fram er óformlegt nám. Þar eru félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarleg gildi í hávegum höfð. Rannsóknir hafa sýnt að reykingar og drykkja í þessum aldursflokki hafi minnkað og teljum við að það faglega starf í félagsmiðstöðvum hafi haft áhrif þar á.

Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð.

Stjórn Félags fagfólks í frítímaþjónustu

Steingerður Kristjánsdóttir

Héðinn Sveinbjörnsson

Margrét Sigurðardóttir

Nilsína Larsen Erlendsdóttir

Trausti Jónsson